

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Selfossi, 15. janúar 2026
Tilvísun: 2508602

Efni: Svar Matvælastofnunar við athugasemdum við eftirlitsskýrslu nr. 2072 vegna rekstrarleyfis FE-1171.

Þann 10. desember 2025 bárust Matvælastofnun athugasemdir Arctic Sea Farm (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslu nr. 2072 vegna rekstrarleyfis FE-1171.

Framangreind eftirlitsskýrsla var send eftirlitsþega 5. desember 2025 og var skrifuð í kjölfar rannsóknar á stroki sem rakið var til eldissvæðis eftirlitsþega að Eyrarhlíð. Að loknum fresti eftirlitsþega til að koma að athugasemdum við skýrsluna kom í ljós að eftirlitsþegi hafði ekki opnað skýrsluna og var eftirlitsþega bent á það af Matvælastofnun. Óskaði eftirlitsþegi þá eftir fresti til að koma að athugasemdum sínum. Í ljósi þess að um var að ræða viðamikla eftirlitsskýrslu ákvað Matvælastofnun að veita eftirlitsþega mjög skamman frest til að koma að athugasemdum vegna skýrslunnar. Athugasemdir eftirlitsþega bárust 10. janúar 2026.

Þann 12. janúar 2026 var haldinn fundur vegna athugasemda eftirlitsþega. Fundinn sátu Karl Steinar Óskarsson deildarstjóri fiskeldisdeildar, Vigdís Sigurðardóttir fagsviðstjóri eftirlits fiskeldisdeildar og Jónína Guðmundsdóttir lögfræðingur fiskeldisdeildar. Farið var efnislega yfir athugasemdir eftirlitsþega og ákvörðun tekin um afstöðu Matvælastofnunar til þeirra.

Hér verða athugasemdir eftirlitsþega raktar og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagraðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Athugasemdir eftirlitsþega eru skáletruð.

Orðalag í eftirlitsskýrslu.

Fram kemur í niðurstöðu Mast að óreiða sé í lífmassa bókhaldi félagsins. Félagið telur að þetta orðalag sé ónákvæmt. Það er ekki óreiða í lífmassa bókhaldi félagsins. Hinsvegar er nákvæmni talningartækja ekki 100%. Þegar félag eins og Arctic Sea Farm sem er með kvaðir um stærð seiða við útsetningu með tilheyrandi flokkun og þegar fiskur er meðhöndlaður og endurflokkaður á eldisferlinum í mismunandi kvíar er nauðsynlegt til að stemma af Bókhald að horfa til heillar staðsetningar í sumum tilfellum þar sem ekki er 100% nákvæmni í talningum. Í því felst ekki óreiða heldur eru talningar ekki nákvæmari en svo að slíka afstemmingu þurfi til þegar svona atburður kemur til.

Einnig er ofaukið að segja að þurft hafi sjálfstæða rannsókn Mast til að komast til botns í tölum úr bókhaldi.

Arctic Fish telur því ónákvæmt og ósanngjarnt að tala um óreiðu, nær sé að halda fram að frávik séu í bókhaldi félagsins. Eins væri betra að tala um að þurft hafi að leggjast yfir tölur úr eldisbókhaldi til að meta strokið, frekar en að tala um sjálfstæða rannsókn MAST.

Matvælastofnun bendir á að starfsmenn stofnunarinnar gátu ekki lesið gögn úr lífmassa bókhaldi félagsins og rakið ferli seiða með einföldum hætti. Leggjast þurfti í umtalsverða vinnu við að greina og fylgja eftir hópum á milli kerja, eldissvæða og eldiskvía, þó svo að slíkt hafi tekist að lokum. Í eftirlitsskýrslunni er ekki verið að vísa eingöngu til ónákvæmrar talningar þegar talað er um að til staðar sé óreiða í lífmassa bókhaldi eftirlitsþega eins og eftirlitsþegi virðist telja út frá framangreindum athugasemdum. Matvælastofnun lagðist sannarlega í sjálfstæða rannsókn á rakningu eldisferlis þeirra laxa sem voru í kví 1

á Eyrarhlíð þó svo að hún hafi byggt á gögnum eftirlitsþega, flutningsvottorðum, síðari útskýringum eftirlitsþega á ónákvæmum talningum o.fl.

Með vísan til framangreinds fellst Matvælastofnun ekki á athugasemdir eftirlitsþega um orðalag í eftirlitsskýrslunni.

Verklagsreglur

Verklagsregla sem taka fyrir köfun og móttöku á skýrslum úr neðansjávareftirliti er til staðar og var til staðar. Ef beiðni um að þessi verklagsregla sé afhent MAST hefur komið hefur það farið fram hjá okkur. Þessi verklagsregla er til og er í viðhengi.

Eins og kemur fram í eftirlitsskýrslunni kallaði Matvælastofnun eftir gögnum, m.a. verklagi um köfun sem og verklagi um móttöku á skýrslum úr neðansjávareftirliti með tölvupósti dagsettum 11. september 2025. Umrædd gögn bárust ekki en önnur gögn sem óskað var eftir í sama tölvupósti bárust. Í slíkum tilfellum lítur Matvælastofnun svo á að þau gögn sem ekki berast séu ekki til hjá eftirlitsþega og skráð er alvarlegt frávik í eftirlitsskýrslu samkvæmt verklagi stofnunarinnar.

Með athugasemdum eftirlitsþega fylgdi skjal sem ber heitið verklag um nótaskoðun og vísar eftirlitsþegi til þess að umrætt verklag hafi verið til staðar. Matvælastofnun mun yfirfara verklagsregluna þegar eftirfylgni eftirlit fer fram. Fram að því mun alvarlegt frávik standa.

Viðbragðsáætlanir

Matvælastofnun hefur í eftirlitsskoðunum ítrekað yfirfarið umræddar verklagsreglur og ekki gert athugasemd við þær.


Í þessu tilviki skipti ekki máli hvort hefði verið gert á undan og því ekki endilega þarft að minnast á það sem frávik í þessu tilviki. Ábendingin er góð og verður tekið tillit til hennar.

Matvælastofnun bendir á að gerð hefur verið athugasemd a.m.k. um hluta þeirra atriða sem liggja að baki skráningu alvarlegs fráviks undir viðbragðsáætlunum. Slíkt var gert í síðasta ítareftirliti en einungis í slíkum eftirlitum er farið efnislega yfir viðbragðsáætlanir. Í eftirlitum á eldissvæðum er einungis staðfest að slíkar viðbragðsáætlanir séu til staðar og starfsfólk hafi aðgang að þeim og þær séu á tungumáli sem allir starfsmenn um borð í þjónustubátum skilja.

Með vísan til framangreinds telur Matvælastofnun skráningu alvarlegs fráviks réttmæta.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði athugasemda eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur athugasemdir Arctic Sea Farm vegna eftirlitsskýrslu nr. 2072 dags. 5. desember 2025 ekki til greina.

**Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar**



**Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur**